


## ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Júní 2026


Fylgi flokka ef kosið yrði til **Alþingis** í dag

Máí 2026	28,4%	23,5%	17,6%	10,6%	6,7%	4,3%	4,0%
Apríl 2026	28,5%	21,4%	18,9%	10,6%	5,4%	5,1%	5,2%
Kosningar 2024	20,8%	19,4%	12,1%	15,8%	7,8%	2,3%	13,8%


## Stuðningur við ríkisstjórn



## Stuðningur við stjórnarflokka



## Fylgismæling - afstaða



■ Kosningar 2024 ■ Apríl 2026 ■ Máí 2026

**Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur bæta við sig fylgi, en Flokkur fólksins tapar fylgi**

Helstu breytingar milli mánaða eru að fylgi Sjálfstæðisflokksins eykst um liðlega 2 prósentustig og Framsóknarflokksins um rúmlega prósentustig á sama tíma og fylgi Flokks fólksins minnkar um rúmlega prósentustig. Litlar breytingar eru á fylgi annarra flokka milli mánaða, eða á bilinu 0,1-1,3 prósentustig, og eru breytingarnar ekki tölfræðilega marktækar. Rösklega 28% kysu Samfylkinguna ef kosið yrði til Alþingis í dag, tæplega 24% Sjálfstæðisflokkinn, næstum 18% Miðflokkinn, tæplega 11% Viðreisn, nær 7% Framsóknarflokkinn og um 4% Vinstri græn og Flokk fólksins. Tæplega 3% kysu Sósíalistaflokk Íslands og næstum 2% Pírata.

Ríflega 5% myndu skila auðu eða ekki kjósa og rúmlega 12% taka ekki afstöðu eða vilja ekki gefa hana upp.

Tæplega 49% þeirra sem taka afstöðu styðja ríkisstjórnina.

## Spurt var:

- Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?
- En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?
- Styður þú ríkisstjórnina?

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokkanna á landsvísu eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 30. apríl - 31. maí 2026. Heildarúrtaksstærð var 12.979 og þátttökulutfall var 40,8%. Vikmörk á fylgi við flokka eru 0,4-1,3%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

**Útgefið af:** Gallup - Lynghóls 4, 110 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: [sigrun.drifa@gallup.is](mailto:sigrun.drifa@gallup.is).

**Umsjón með útgáfu:** Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

**Ábyrgðarmaður:** Guðni Rafn Gunnarsson

© Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn. Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil enda sé heimilda getið.